

Nd.

§6. Nefndarátt

um frumvarp til laga um vitagjald.

Frumvarp þetta, sem hv. neðri deild fékk okkur til athugunar, höfum við íhugað allrækilega, og ráðum við hv. deild til að samþykkja það með

nokkrum breytingum. Eru þær að sumu leyti orðabreytingar eða setninga, er við ætlum að geri lögin greinilegri og ótvíræðari; en efnisbreytingar eru tvær ekki óverulegar.

Önnur þeirra er sú, að við leggjum til, að undanþegin vitagjaldinu séu ekki önnur skip en herskip, en ekki skemtiskip, svo sem frumv. ætlast til. — Nefndin litur svo á, að eigi sé ástæða til að undanþiggja skemtiskip, þar sem sú undanþága mun ekki styðjast við alþjóðareglu, en það getur annarsvegar gefið ekki óverulegar tekjur.

Hin efnisbreytingin, er að kveður, er sú, að við leggjum til að 20% af vitagjaldi útlendra fiskiskipa beri að eins umboðsmönnum lögreglastjóra á þeim stöðum, þar sem lögreglustjóri ekki er búsettur, en að vitagjaldið renni óskert í landssjóð, þar sem lögreglustjóri býr og getur innheimt gjaldið sjálfur. Nefndin litur svo á, að skipin muni sjaldan koma svo á hina stærri staði, þar sem lögreglustjóri býr, að þau hafi ekki samband við landsmenn af sjálfsdáðum, og verði því tiltölulega létt að innheimta gjaldið; en aftur á móti verður innheimtumaður oft að setja fram bát og róa út í skipin á hinum smærri stöðum, til þess að ná gjaldinu; ber og á það að lita, að þeir innheimtumenn eru að mestu launalausir menn.

Neðri deild, 2. marz 1911.

Ólafur Briem,
form. og framsögum.

Jón Jónsson, þm. S.-Múl.
skrifari.

Benedikt Sveinsson. H. Hafstein. Sigurður Gunnarsson.

Jón Sigurðsson. Magnús Blöndahl.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um vitagjald.

1. Fyrsta grein orðist svo:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvél, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, þannig að hálf smálest, eða þar yfir, telst sem heil, en minna broti sé slept. Herskip eru undanþegin gjaldi þessu.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land. Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er út til fiskjar hér við land, og aldrei fara utan á veiðitímanum, greiða vitagjaldið einu sinni á ári, þó aldrei minna en 5 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hér við land.

2. Við 2. grein:

Setningin: »Af útlendum fiskiskipum — gjaldi þessu« falli burtu; í

stað þess komi: Þegar vitagjald af útlendum fiskiskipum er innheimt af umboðsmanni lögreglustjóra á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.